

Umsögn íbúaráðs Miðborgar og Hlíða, dags. 10. nóvember 2023, um tillögu að breytingu á deiliskipulagi Nýs landspítala við Hringbraut

Heil og sæl,

Á fundi íbúaráðs Miðborgar og Hlíða, 25. október sl., var undirrituðum falið að koma að athugasemdum fyrir hönd ráðsins vegna deiliskipulagsbreytingar nýs landspítala við Hringbraut, Sóleyjartorg. Eftirfarandi eru athugasemdir ráðsins, sem eru í fjórum liðum:

„1. Íbúaráð Miðborgar og Hlíða bendir á að hin auglýsta tillaga að deiliskipulagsbreytingu gerir ráð fyrir að stiga- og lyftuhús á Sóleyjartorgi muni byrgja sýn að gamla landspítalanum. Húsið er tignarlegt og ráðinu þykir ekki vera komin fram nægjanlega sterk rök í hinni auglýstu tillögu til að skerða sýn að húsinu umfram það sem eldra skipulag gerði ráð fyrir.

2. Svo virðist sem framkvæmdir á grunni hinnar auglýstu skipulagstillögu séu hafnar, þrátt fyrir að skipulagsbreytingin hafi ekki verið samþykkt. Íbúaráðið gerir alvarlegar athugasemdir við slíkt framferði, ef rétt reynist.

3. Hvað Sóleyjartorg almennt varðar leggur íbúaráðið áherslu á að þar verði gróður í nokkru mæli og grænt umhverfi. Lýðheislusjónarmið mæla eindregið með því að sjúklingar við spítalann geti horft á og heimsótt lifandi og náttúrulegt umhverfi

4. Íbúaráðið bendir á að Sóleyjartorg er ekki einungis mikilvægt fyrir starfsfólk, sjúklinga og gesti spítalans heldur einnig fyrir íbúa í nærumhverfinu. Ráðið leggur áherslu á að hugað verði að því að gera torgið aðlaðandi fyrir alla þessa hópa, m.a. með gróðri, bekkjum o.s.frv.

F.h. íbúaráðs Miðborgar og Hlíða,
Pétur Marteinn Urbancic Tómasson,
formaður."

Kv.